

Starfsaðferðir í leikskólanum Norðurbergi þegar upp kemur grunur um líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi gagnvart börnum.

Ákvæði um tilkynningarskyldu er að finna í IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 16. 17. og 18. gr., sjá einnig III. kafla reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð hjá barnaverndarnefnd.

16. gr. kveður á um tilkynningarskyldu almennings.

17. gr. kveður á um sérstaka tilkynningarskyldu þeirra sem starfa sinna vegna hafa afskipti af börnum.

18. gr. kveður á um tilkynningarskyldu lögreglu.

19. gr. kveður á um nafnleynd tilkynnenda.

31. gr. kveður á um neyðarráðstafanir.

43. gr. kveður á um rannsóknarheimildir.

Ef starfsmaður/-menn telja að barn ofbeldi eða sé misboðið á einhvern hátt skal það tilkynnast barnavernd þar sem barnið á lögheimili. Barnið á að njóta vafans og fagfólk barnaverndar á að meta þörf á aðgerðum.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli fyllstu nærgætni, þegar þeir kanna og fara með jafn viðkvæm mál.

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir verða vísir að í starfi sínu um einkamál manna og heimilishætti.

Grunur um ofbeldi á börnum

Einkenni líkamslegs ofbeldis geta verið:

- beinbrot sem erfitt er að útskýra
- áverkar eða marblettir á höfði
- áverkar eða marblettir í andliti, sprungin vör, brotnar tennur
- marblettir á baki, maga, handleggjum (upphandleggjum) og innanverðum lærum

- rispur og/eða klór
- bit eftir manneskju

Grunur um óviðunandi uppeldisaðstæður barna, vanrækslu og/eða andlegt ofbeldi

Einkennin geta verið:

- barn er illa hirt og fatnaður illa lyktandi
- barn er sótt of seint og af ókunnu fólki
- vannæring
- andleg vanlíðan, barn sýnir almenna vanlíðan, kvartar undan verkjum, þarf mjög mikla athygli, getur sýnt óeðlilega hegðun í samskiptum og leik
- barn er skilið eftir eitt heima eða í umsjá aðila sem hefur ekki aldur eða þroska til
- ekki farið með barnið til tannlæknis eða læknis

Viðbrögð starfsmanns:

- Ef starfsmann grunar að barn búi við óviðunandi aðstæður þá lætur hann deildarstjóra eða leikskólastjóra / aðstoðarleikskólastjóra vita.
- Skrá atvikið niður.
- Leikskólastjóri kallar saman samráðsteymi leikskólans sem fer yfir málið og sameinast um niðurstöðu.
- **Ef barn er í hættu er strax haft samband við Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar, 585-5700 / neyðarsími 664-5700.**

Grunur um að foreldri eða aðstandandi sé undir áhrifum vímuefna.

Grunur um að foreldri eða aðili sem er að sækja barn í leikskólann sé undir áhrifum áfengis eða vímuefna:

- Ná í leikskólastjóra og/eða aðstoðarleikskólastjóra / deildarstjóra.
- Vísa foreldri / viðkomandi inn á skrifstofu leikskólastjóra í samtali. Þar er að viðkomandi látinn vita að starfsmenn finni áfengislykt af viðkomandi eða að þeir telji að viðkomandi sé í of annarlegu ástandi til að fara með barnið.

Aldrei má láta viðkomandi fara með barnið úr leikskólanum.

- Hringt í næsta aðstandenda barns og hann beðinn um að sækja barnið.

Leikskólastjóri kallar saman samráðsteymi leikskólans og í kjölfarið er atvikið tilkynnt til Barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar **585-5700 / neyðarsími 664-5700** eða í **lögreglu 112**.

Grunur um ofbeldi á heimili barns eða að barn hafi orðið vitni að ofbeldi

Barn sem gefur í skyn að ofbeldi eigi sér stað inn á heimili þess:

- í orðum eða gjörðum gefur í skyn að ofbeldi eigi sér stað
- ef það segir frá því að einhver meiði það

Viðbrögð starfsmanns:

Starfsmanni ber að halda ró sinni og nota setningar eins og:

- Takk fyrir að segja mér frá þessu, viltu segja mér meira ?
- Ég ætla að hjálpa þér.

Hvert leitar starfsmaður:

Starfsmaður lætur deildarstjóra eða leikskólastjóra / aðstoðarleikskólastjóra vita. Leikskólastjóri kallar saman samráðsteymi leikskólans og fer yfir málið.

Skrá atvikið niður.

Ef barn er í hættu er strax haft samband við Barnavernd Hafnarfjarðar, **585-5700 / neyðarsími 664-5700**

Stuðningsaðilar innan leikskólans og ráðgjafar/samráðsteymi leikskólans:

- leikskólastjóri
- aðstoðarleikskólastjóri
- fulltrúi starfsmanna
- deildarstjórar/hjá viðkomandi barni

Utanaðkomandi stuðningsaðilar og ráðgjafar:

Próunarfulltrúi Hafnarfjarðar, Sigurborg Kristjánsdóttir, 664-5821

Félagsþjónusta Hafnarfjarðar sími: 585-5700, neyðarsími 664-5700

Tengiliður leikskólana hjá Félagsþjónustu Hafnarfjarðar: Arnbjörg Jónsdóttir.

Lögreglan sími: 112

Blátt áfram, sími: 533 2929

Barnahús, sími: 530 2500

Áfallaaðilar fyrir starfsmenn:

Sálfræðiaðstoð frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, 585-5500.